

---

# Sjálfbærniskýrsla 2023

---





# Efnisyfirlit

Ávarp

Umhverfi

Samfélag

Stjórnarhættir

Markmið

Verkefni



# Ávarp

## Sjálfbærni er stöðug vegferð

Árið 2023 var viðburða- og lærdómsríkt í rekstri og sögu Mannvits. Rétt áður en fyrirtækið fagnaði 60 ára farsælum ferli þá sameinaðist Mannvit alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu COWI og telur nú hópur sérfræðinga okkar um 8.000 aðila, að meðtöldum 280 einstaklingum á Íslandi. Höfuðstöðvar COWI eru staðsettar í Danmörku en fyrirtækið er með starfsemi í yfir 35 löndum víða um heim. Má þar nefna Norðurlöndin, Bretland, Norður-Ameríku og Indland. Kaupin gengu í gegn þann 31. maí 2023 og voru mikilvægur áfangi til þess að styrkja markaðsstöðu enn frekar og gefur okkur um leið aukinn vind í seglin er varðar sjálfbærnivægferð fyrirtækisins og viðskiptavina okkar.

Þrátt fyrir ár breytinga þá höfum við staðið styrkum fótum og reksturinn haldist í föstum skorðum. Við höfum verið leiðandi í sjálfbærnimálum og munum leggja enn ríkari áherslu á þann málaflokk í öllum þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur. Sérfræðipækning okkar fólks hér á Íslandi hefur verið eftirsótt og koma viðskiptavinir og samstarfsaðilar COWI á Íslandi nú til með að njóta stuðnings bæði innlendra og erlendra sérfræðinga sem er mikilvægt skref okkar til vaxtar og aukinnar þjónustu.

Framtíðarsýn okkar er skýr þegar kemur að sjálfbærni; við leggjum áherslu á að vera öðrum fyrirmynd í samfélaginu og bjóðum viðskiptavinum okkar upp á fyrsta flokks ráðgjöf á því sviði. Frá og með árinu 2027 stefnum við á að taka aðeins þátt í verkefnum sem stuðla að sjálfbærni. Fyrir árið 2030 ætlum við að minnka kolefnissporið um 70% og árið 2050 er takmarkið að COWI-samstæðan verði að

fullu kolefnishlutlaus. Loftslagsmarkmið COWI hafa verið samþykkt af Vísindalegum viðmiðum fyrir loftslagsbreytingar (Science Based Targets Initiative, SBTi) og teljast því vera í samræmi við markmið Parísarsáttmálans.

Loftslagsbreytingar eru staðreynd og ein stærsta áskorunin sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að vinna skipulega og markvisst að sjálfbærnimarkmiðum sínum, auka sjálfbærnivitund starfsfólks, nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti og að sjá til þess að reksturinn hafi uppbyggileg áhrif á umhverfið og samfélag í heild sinni. Sem liður í því höfnum við nú alfarið öllum verkefnum sem snúa að leit og framleiðslu jarðefnaeldsneytis. Líkt og undanfarin ár höfum við náð að draga úr kolefnislosun fyrirtækisins er varðar almennan rekstur og á sl. sex árum hefur kolefnisspor COWI á Íslandi dregist saman um 69%.

2023 var ár töluverðra breytinga og við lítum á það sem tækifæri til að gera enn betur. Við værum ekkert án mannauðsins okkar sem sýndi enn og aftur hvers hann er megnugur. Við erum stöðugt að leita nýrra leiða til þess að hlúa enn betur að fólkinu okkar sem er ein helsta uppspretta hugmynda og framfara innan fyrirtækisins. Eitt af því er að bjóða starfsfólki upp á greiðslur sem samsvara fullum launum í fæðingarorlofi og erum við þar með fyrsta verkfræðifyrirtækið á Íslandi sem býður slík kjör. Nú veitist starfsfólki okkar jafnframt tækifæri til að vinna þvert á landamæri, taka þátt í umfangsmiklum verkefnum og breyta áskorunum í sjálfbærar lausnir. Þannig styðjum við enn frekar við viðskiptavinum okkar í þessari stöðugu og sameiginlegu vegferð.

Við þeysumst af stað inn í árið 2024 og tökum full eftirvæntingar á móti nýjum tækifærum og áskorunum sem stuðla að sjálfbærari framtíð.



**Örn Guðmundsson**

framkvæmdastjóri COWI á Íslandi

# Umhverfi

Sjálfbærni hefur lengi skipað stóran sess í starfsemi COWI á Íslandi og forverum þess þar sem fyrirtækið vinnur stöðugt að því að tvinna sjálfbærnihugsunina saman við dagleg störf. COWI á Íslandi leggur sig fram við að halda sjálfbærni og umhverfismálum í heiðri á öllum sviðum og teljum við að áhrifamestu umbæturnar í þessum málaflokkum náist í gegnum verkefni okkar. Við leggjum okkur fram við að stuðla að sjálfbærum heimi þar sem fólk og samfélög fá að vaxa og dafna. Þess vegna höfum við sett okkur það markmið að frá árinu 2027 komi allar okkar tekjur frá verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun. Frá því að við hófum þessa vegferð hefur COWI alfarið hafnað verkefnum sem snúa að jarðefnaeldsneyti, bæði við leit og framleiðslu. Fyrirtækið leggur áherslu á að starfsfólkið sé til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinni að lausnum sem stuðla að góðri nýtingu auðlinda, minni sóun, heilnæmu umhverfi innan- sem utandyra og að komið sé í veg fyrir mengun. Á þann hátt skapar COWI á Íslandi verðmæti fyrir viðskiptavinum sínum, samfélagið og umhverfið.

Meginumhverfismarkmið fyrirtækisins felast í betri nýtingu auðlinda, takmörkun úrgangs, bættri umhverfisvitund starfsfólks og viðskiptavina auk þess að öll starfsemi fyrirtækisins sé umhverfisslysalaus. COWI á Íslandi setur öryggi, heilsu og velferð í öndvegi og hefur þau atriði að leiðarljósi við hönnun mannvirkja og stjórnun framkvæmda. Fyrirtækið hefur verið með vottað umhverfisstjórnkerfi frá árinu 2011

og hefur í gegnum árin vakt að þýðingarmikla umhverfisþætti til þess að fylgja eftir umhverfisstefnu fyrirtækisins og draga úr umhverfisáhrifum. Fyrirtækið leggur áherslu á skýra og einfalda markmiðasetningu þar sem stjórnendur og starfsmenn vinna saman að settum markmiðum. COWI á Íslandi leggur áherslu á stöðugar umbætur og framsýni í úrlausnum verkefna, fylgist með og bregst við breyttum kröfum og nýjungum með stöðugri endurskoðun á ferlum og frammistöðu.

Áhrifa COWI á Íslandi gætir hvað mest í þeim verkefnum þar sem þjónusta á sviði ráðgjafar er veitt. Því er afar mikilvægt að viðhalda og bæta umhverfisvitund starfsfólks. Árlega er haldin sjálfbærnivika og á árinu 2023 var einnig sett upp Heimsmarkmiðavinnustofa fyrir nýja starfsmenn og öll þau sem vildu taka þátt. Í sjálfbærnivikunni var að auki haldin vinnustofa með fulltrúum frá öllum sviðum þar sem farið var yfir styrkleika og veikleika COWI á Íslandi m.t.t. sjálfbærni.

Árlega er umhverfisvitund starfsfólks metin og viðhorf starfsfólks til umhverfis- og sjálfbærnimála könnuð. Þannig getum við metið hvort þeim aðferðum sem er beitt til uppbyggingar þekkingar séu að virka og hvað megi betur fara varðandi fræðslu til starfsfólks. Í síðustu könnun sem var framkvæmd mátti einmitt sjá að starfsfólk mat eigin þekkingu á sjálfbærnimálum betur en tveimur árum áður og einnig mælist sífelld aukning á áhuga viðskiptavina á sjálfbærni.

76% viðskiptavina telja mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt að hönnun og ráðgjöf COWI á Íslandi taki mið af sjálfbærni samkvæmt þjónustukönnun frá árinu 2023 og hefur það hlutfall aukist töluvert á milli ára.

COWI á Íslandi var fyrst fyrirtækja hér á landi til þess að veita starfsfólki samgöngustyrk og leggur fyrirtækið mikið upp úr því að bjóða starfsfólki sínu upp á úrvalsbúningsaðstöðu þegar komið er til vinnu. Til þess að hvetja starfsfólk enn frekar til að koma til vinnu gangandi eða hjólandi var samgöngustyrknum breytt í lok árs 2021 og hefur starfsfólk nú kost á því að fá hálfan samgöngustyrk gegn því að koma til vinnu gangandi eða hjólandi a.m.k. tvo daga vikunnar, ásamt því að geta fengið fullan styrk miðað við fjóra daga vikunnar.

---

# 88%

starfsfólks mæla með COWI  
á Íslandi sem vinnustað

---

# 13

fræðsluviðburðir voru haldnir  
fyrir starfsfólk á árinu

---





## Lækkum kolefnissporið

Á síðustu sex árum hefur kolefnisspor COWI á Íslandi lækkað um 69%. Á árinu 2023 lækkaði heildarlosun frá almennum rekstri umtalsvert og var um 105 tCO<sub>2</sub> ígilda en markmið ársins var að vera undir 150 tonnum.

Stærstu útblástursþættirnir hjá COWI á Íslandi tengjast samgöngum og meðal helstu aðgerða til þess að lækka kolefnissporið hefur fyrirtækið unnið markvisst að því að:

- Fjölga rafmagnsbílum jafnt og þétt á kostnað jarðefnaeldsneytisbíla.
- Styðja við starfsfólk til að vinna í fjarvinnu, kjósi það svo. Þannig fækkar ferðum til og frá vinnu.
- Veita aðhald í flugferðum starfsfólks, innanlands og á milli landa.
- Bæta sorpflokkun hjá fyrirtækinu með því að auka fræðslu bæði til starfsfólks og leigjenda sem starfa í sömu byggingu.

Með nýjum eigendum mun rekstur COWI á Íslandi falla undir SBTi (Science Based Targets Initiative) hjá móðurfyrirtæki COWI í Danmörku sem staðfestir að markmið í loftslagsmálum eru í samræmi við Parísarsáttmálann.

Á árinu 2024 verður sérstök áhersla lögð á fræðslu og þekkingaruppbyggingu á sviði sjálfbærni ásamt því að styrkja enn fremur sjálfbærnitymið í þeirri ráðgjöf sem er veitt viðskiptavinum, þá sérstaklega í tengslum við nýja Evrópulöggjöf á sviði sjálfbærni þ.e. CSRD, ESRS og EU Taxonomy.



Tafla 1. UFS mælikvarðar fyrir umhverfi

Mælikvarði	2023	2022	2021
Heildarmagn í CO <sub>2</sub> ígildum, fyrir umfang 1 – tCO <sub>2</sub> ígildi	38,6	63,9	73,5
Heildarmagn í CO <sub>2</sub> ígildum, fyrir umfang 2 – tCO <sub>2</sub> ígildi	9,4	6,8	6,5
Heildarmagn í CO <sub>2</sub> ígildum, fyrir umfang 3 – tCO <sub>2</sub> ígildi	56,1	68,4 (+102,1)*	85,1
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda m.v. úttaksstærð – tCO <sub>2</sub> /starfsgildi	0,47	0,61 (1,05)*	0,83
Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda m.v. úttaksstærð	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Heildarmagn beinnar orkunotkunar – MWst	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar – MWst	2651**	648	623
Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð – MWst	11,97**	2,82	3
Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum	7%/93%**	27%/73%	33%/67%
Heildarmagn af vatni sem er notað – m <sup>3</sup>	37.430	37.962	39.850
Heildarmagn af vatni sem er endurheimt – m <sup>3</sup>	0	0	0
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu? Já/Nei	Já	Já	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Já	Já	Já
Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? Já/Nei	Já	Já	Já
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu eða vöruþróun	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.

\* Losun vegna ársátíðarferðar starfsmanna tekin út fyrir sviga.

\*\* Breytingar urðu á heildarmagni óbeinnar orkunotkunar þar sem nýir losunarstaðlar voru gefnir út af UST fyrir heitt vatn í janúar 2024.

# Samfélag

Starfsfólkið er okkar stærsta auðlind og leggur COWI á Íslandi ríkan metnað í að hlúa vel að mannauðnum og huga vel að andlegri og líkamlegri heilsu. 2023 var ár vellíðunar hjá fyrirtækinu þar sem m.a. var boðið upp á fjölbreytt fræðsluerindi sem snertu á jafnvægi milli fjölskyldu- og vinnulífs, streitu og orkustjórnun, mikilvægi rétttrar hreyfingar og tímastjórnun. Starfsfólki stóð einnig til boða ráðgjöf varðandi vinnuaðstöðu og líkamsbeitingu frá Baksbólunum, jakkafatajóga, sem hefur fest sig í sessi hjá stórum hópi starfsfólks, hin árlega heilsufarsskoðun, andlegt heilsufarsmat og hinar sívinsælu bootcamp-æfingar svo fátt eitt sé nefnt. Með því að setja vellíðan í forgang eflum við heilbrigða vinnustaðamenningu þar sem starfsfólk fær tækifæri til að vaxa og dafna.

2023 var einnig ár kaflaskipta. Við fögnuðum 60 ára afmæli fyrirtækisins með stórtónleikum þar sem síðustu áratugir Mannvits, forvera COWI á Íslandi, voru gerðir upp og ekki síður lítið björtum augum til framtíðar, undir kunnuglegum tónum Stjórnarinnar. Með alla þessa reynslu og vitneskju í farteskinu hefjum við nýtt tímabil og með sameiningu fyrirtækjanna bættist við hóp sérfræðinga okkar um 7.700 einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn, staðsettir víða um heim. Stærri baklandi fylgja bæði ný tækifæri og áskoranir þar sem starfsfólki og samstarfsaðilum, þvert á landamæri, gefst kostur á vinna saman að sjálfbærum lausnum til framtíðar.

Á árinu 2023 voru 40 einstaklingar ráðnir til starfa og var starfsmannavelta 9%. Að auki voru 26 einstaklingar ráðnir í sumarstörf og héldu 14 af þeim áfram



eftir sumarið, ýmist með skóla eða í fullu starfi eða stefna á að koma aftur til okkar næsta sumar. COWI á Íslandi leggur áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanlegan vinnutíma og veita stuðning við barnafjölskyldur. Alls fóru 23 einstaklingar í fæðingarorlof á árinu og komu allir til baka til vinnu að orlofi loknu. Við leggjum okkur fram við að skapa góðar aðstæður fyrir starfsfólk og á þann hátt laða að og halda í hæfasta fólkið á markaðinum.

## Fræðsla sem skilar sér til samfélagsins

Það er mikilvægt fyrir okkur að vera í góðum tengslum við samfélagið og fá þannig tækifæri til að taka þátt í að hafa áhrif þegar horft er til framtíðar. Hluti af því er að vekja athygli á samfélagslega mikilvægum verkefnum og efna til opinnar umræðu hvernig hægt sé að nálgast þau. Við stóðum fyrir ráðstefnunni **Erum við tilbúin?** og morgunverðarfundinum **Byrði eða tækifæri: EU Taxonomy** en þar var fjallað um loftslagsbreytingar á Íslandi út frá víðu sjónarhorni og hvernig alþjóðleg verkfæri geta styrkt fyrirtæki og samfélög í því samhengi. Hlaðvarpið „Samtal um sjálfbærni“ hélt áfram göngu sinni á árinu og er markmið þess að vekja athygli á því hversu víðtæk sjálfbærnimál eru, hversu mikið þau snerta allt okkar daglega líf og ef við tökum höndum saman þá getum við

öll lagt okkar af mörkum og haft áhrif til góðs. COWI á Ísland er einnig með samstarfssamning við iðn-, tækni- og verkfræðideildir Háskólans í Reykjavík og tekur á móti nemendum í starfsnám á hverri önn.

## Jafnlaunavottun

COWI á Íslandi er jafnlaunavottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85 og fékk jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins í árslok 2018. COWI á Íslandi hefur sett sér metnaðarfull markmið og framkvæmdaráætlun í jafnréttismálum þar sem áhersla er lögð á að tryggja öllum jöfn tækifæri og útrýma mismunun í hvaða formi sem hún birtist. Eitt af markmiðunum er að jafna kynjahlutföll innan fyrirtækisins og hefur nú hlutfall kvenna á vinnustaðnum náð 30,8%. Samhliða því hefur verið lögð áhersla á að fjölga konum í tæknimenntuð störf og frá árinu 2019 hefur hlutfall kvenna vaxið um rúmlega átta prósentustig, úr 19% í 27,5%.

## Hagaðilar

COWI á Íslandi leggur áherslu á virka og aðgengilega upplýsingagjöf til hagaðila fyrirtækisins og er útgáfa sjálfbæriskýrslu liður í því. Hagaðilar eru skilgreindir sem viðskiptavinir, eigendur, starfsfólk, birgjar og samfélagið í heild sinni en COWI á Íslandi kemur að hönnun, ráðgjöf og eftirliti vegna uppbyggingar á lykilinnviðum landsins.





---

**73%**

starfsfólks nýtti sér  
líkamsræktarstyrk

---

**83%**

endurvinnsluhlutfall

---

Tafli 2. UFS mælikvarðar fyrir samfélag

Mælikvarði	2023	2022	2021
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna - greiðslur til starfsfólks í fullu starfi	2,99	3	2,65
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtæki þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,28	1,34	1,33
Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi, í prósentum *allt starfsfólk - ekki gerður greinamunur á fullu starfi og lægra starfshlutfalli	8,26%	6,5%	8,0%
Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi, í prósentum	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa, í prósentum	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum	KK 69,2% / KVK 30,8%	KK 70,6% / KVK 29,4%	KK 73,6% / KVK 26,4%
Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum (sérfræðingar og fagfólk)	KK 68% / KVK 32%	KK 69,4% / KVK 30,6%	KK 75,7% / KVK 24,3%
Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum (stjórnendur)	KK 77,8% / KVK 22,2%	KK 76,9% / KVK 23,1 %	KK 72,7% / KVK 27,3%
Prósenta starfsfólks í hlutastarfi	5%	5%	5,5%
Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já	Já	Já
Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslins í prósentum	0,45%	0%	0%
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Já	Nei	Nei
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já/Nei	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? Já/Nei	Já	Nei	Nei
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? Já/Nei	Já	Já	Já



## Stjórnarhættir

COWI hefur skuldbundið sig til þess að stuðla að aukinni sjálfbærni um allan heim. Samhliða því leggjum við áherslu á að vera fyrirmynd og sýna það í verki. Þannig tryggjum við að okkar eiginn rekstur uppfylli ströngustu viðmið og að það sé skýrt hverjar áherslurnar eru. Við nýtum okkur mælikvarða til þess að fylgjast grannt með frammistöðu fyrirtækisins er varða alla þætti sjálfbærinnar. Fyrirtækið starfrækir samþætt stjórnkerfi sem tekur mið af stöðlunum ISO 9001 um gæðastjórnun, ISO 14001 fyrir umhverfisstjórnun og ISO 45001 um stýringu öryggis- og vinnuverndar. COWI á Íslandi byggir samkeppnisforskot sitt á öflugum mannauði og samfélagsábyrgð sem er samofin öllum rekstri fyrirtækisins. Á næstu árum gerum við ráð fyrir að innleiða enn frekar áherslur móðurfélagsins þegar kemur að ábyrgum stjórnarháttum og rekstri félagsins. Með nýjum áherslum má búast við breytingum og jákvæðum skrefum í rekstri félagsins.

COWI á Íslandi hefur alltaf verið rekið í samræmi við samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar og lög um hlutafélög nr. 2/1995, leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg.) sem Viðskiptaráð, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Með nýjum eigendum er áfram stefnt að því sama þar sem lögð verður áhersla á ábyrga stjórnarhætti, áhættumiðaða hugsun og gagnsæja mælikvarða.

---

# 69%

lækkun á kolefnisspori  
sl. 6 ár

---

# 37,1%

starfsfólks hefur starfað hjá  
fyrirtækinu í 15 ár eða lengur

---




Við samrunann breyttist nafn fyrirtækisins úr Mannvit í COWI Ísland ehf. og er í dag dótturfélag COWI í Danmörku. Í framhaldinu var stjórn félagsins skipuð af stjórnendum í Danmörku og sitja þar þrír aðilar, tveir karlmenn og ein kona, sem útskýrir breytingu á kynjahlutföllum í stjórn en áður var stjórn COWI á Íslandi skipuð fimm aðilum. Framkvæmdastjórn COWI í Danmörku er skipuð sex aðilum, fimm körlum og tveimur konum og er forstjórinn karlmaður. Með nýju eignarhaldi verða breytingar á stjórnnum og stjórnendum félagsins en áfram er unnið að því markmiði að jafna hlut kynjanna. COWI á Íslandi hlaut jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85 og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins í janúar 2019.

Stjórn COWI á Íslandi leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum enda hafa þeir jákvæð áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækisins, stuðla að bættum vinnubrögðum og betri samskiptum á milli hagsmunaaðila. Nánari upplýsingar um stjórnarhætti COWI er að finna í ársskýrslu félagsins.

## Innra eftirlit og áhættustýring

COWI á Íslandi hefur skilgreint og kortlagt ferli fyrir allar meiriháttar ákvarðanir sem hugsanlegt er að fyrirtækið grípi til við ákveðnar aðstæður. Tiltekin skilyrði þurfa að vera fyrir hendi við ákvarðanatökur. Skilgreint er hver sé best fallinn til þess að taka þær ákvarðanir og að þær séu teknar á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga hverju sinni. Allir þeir aðilar sem viðkomandi ákvörðun snertir eru upplýstir tímanlega og koma með viðeigandi hætti að ákvörðunum eins og við á en það er grunnurinn að góðum stjórnarháttum COWI á Íslandi.

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu fyrir fyrirtækið og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu áhættur fyrirtækisins eru mótaðilaáhætta, lausafjáraáhætta, rekstraráhætta og gjaldmiðlaáhætta. COWI á Íslandi skilgreinir sérstaka áhættumælikvarða og hefur framkvæmdastjórn reglulegt eftirlit með þeim til þess að greina breytingar á áhættu. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn reglubundið um áhættur félagsins. COWI á Íslandi hefur ekki látið framkvæma úttektir á þeim upplýsingum og gögnum sem fram koma í samfélagsskýrslunni og hefur ekki skilgreint sérstakt innra eftirlit í þeim efnum. Í fyrsta sinn í ár er þó framkvæmd rýni á efni skýrslunnar af óháðum aðilum samhliða yfirllestri á ársreikningi félagsins.







## Siðareglur og persónuverndarlög

COWI hefur tekið upp siðareglur Alþjóðasambands ráðgjafarverkfræðinga (International Federation of Consulting Engineers, FIDIC). Siðareglur COWI á Íslandi gilda um allt starfsfólk og stjórnendur. Siðareglurnar voru síðast endurskoðaðar á árinu 2022 og samþykktar af stjórn í apríl 2021. Endurskoðun á siðareglum verður framkvæmd aftur í takti við breyttar áherslur nýrra eigenda.

COWI á Íslandi fylgir lögum um persónuvernd líkt og öðrum lögum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins. Persónuverndarstefna fyrirtækisins var samþykkt í júlí 2018 og er hún endurskoðuð reglubundið. Stefna COWI á Íslandi er skýr og berorð um það hvernig fyrirtækið safnar persónuupplýsingum og í hvaða tilgangi þær eru notaðar, í samræmi við fyrirmæli persónuverndarlaga, GDPR (General Data Protection Regulation).

Tafla 3. UFS mælikvarðar fyrir stjórnarhætti

Mælikvarði	2023	2022	2021
Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	33,3%	40,0%	40,0%
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	0	0	0
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins sem fellur undir almenna kjarasamninga	100%	94,2%	95,0%
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?	-	-	-
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðir gegn spillingu? Já/Nei	Já	Já	Já
Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafslsins þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	0	0	0
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já/Nei	Já	Já	Já
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu? Já/Nei	Já	Já	Já
Er gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já	Nei	Nei
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Já	Nei	Nei
Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP? Já/Nei	Já	Já	Já
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Nei	Nei	Nei

# Markmið

Við leggjum áherslu á að sýna gott fordæmi í rekstri og leggjum okkur fram við að vera leiðandi fyrirtæki á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Við höldum áfram að vinna eftir viðmiðum Global Compact og höfum tileinkað okkur markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við stefnumörkun og markmiðasetningu. Meðfram því leggjum við áherslu á að uppfylla alþjóðlegar kröfur á sviði sjálfbærni. Sjálfbærni er stöðug vegferð, því setjum okkur metnaðarfull markmið til að halda okkur við efnið.

## Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun

Við styðjumst við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í daglegu starfi en þau ramma inn þá þætti sem snúa að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur. Þau eru samofin starfsemi okkar að miklu leyti, bæði innan fyrirtækisins og í samskiptum við viðskiptavinum okkar varðandi alla þá fjölbreyttu málaflokka sem falla undir samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Vinnustofur með starfsfólki COWI á Íslandi leiddu í ljós að við styðjum við 14 af 17 Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna varðandi sjálfbæra þróun.

## HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Credit: heimsmarkmidin.is

	Markmið 2023	Raun 2023	Markmið 2024
Endurvinnsla	82%	83%	85%
Rafmagnsnotkun pr stöðugildi	-2%	11%	-2%
Pappírnotkun pr stöðugildi	-2%	0%	-2%
Bílar – hlutfall umhverfisvænna bíla	40%	38%	40%
Kolefnislosun – tCO <sub>2</sub> ígildi	<150	104	<150
Samgöngustyrkur	28%	21%	25%
Kynjahlutfall kvk/kk	35%/65%	30,8%/69,2%	35%/65%
Endurmenntun kvk/kk	35%/65%	31%/69%	35%/65%

---

# Verkefni

---





## LCA greining og BREEAM vottun höfuðstöðva Icelandair

Icelandair leggur mikla áherslu á sjálfbærni og verða nýjar höfuðstöðvar vottaðar eftir BREEAM umhverfsvottunarkerfinu fyrir nýbyggingar. Umhverfsvottuninni er ætlað að greina og draga úr umhverfisáhrifum bygginga. COWI á Íslandi leiðir BREEAM vottun, vann lífsferilsgreiningu (LCA) og flóðahættumat fyrir nýju höfuðstöðvarnar, sem telja 5.200 m<sup>2</sup>.

COWI sér einnig um byggingarstjórnun, framkvæmda- og verkeftirlit auk þess að aðstoða verkkaupa við verkefnastjórnun, innkaup, bruna- og hljóðhönnun.

Lífsferilsgreiningar (LCA) fyrir byggingar eru gerðar í þeim tilgangi að skoða umhverfisáhrif þeirra. Þar eru skoðaðir fjölbreyttir umhverfisáhrifaflokkar, í dag er sérstök áhersla lögð á kolefnisspor eða hlýnunarstuðul (GWP, e. Global Warming Potential), en með lífsferilsgreiningu er hægt að mæla umhverfisáhrif á staðlaðan og samræmdan hátt. Lífsferilsgreiningar í byggingariðnaði eru nú þegar orðin krafa í reglugerðum á flestum Norðurlöndum. Á Íslandi tekur reglugerðin gildi í september 2025.



## Koldís fangar CO<sub>2</sub>

Í verkefninu **Koldís** er unnið að hönnun og uppsetningu búnaðar til füngunar og niðurdælingar koldíoxíðs frá Þeistareykjastöð. Landsvirkjun samdi við COWI á Íslandi og Carbfix um ráðgjöf við verkhönnun Koldísar.

Til stendur að fanga bæði koldíoxíð (CO<sub>2</sub>) og brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S) frá orkuverinu, leysa í vatni og dæla aftur neðanjarðar. Meginþættir verkefnisins eru hönnun og uppsetning gasföngunarstöðvar, lagnir frá gasföngun að niðurdælingarstað, niðurdælingarhola og vöktunarhola. Með verkefninu mun Landsvirkjun fanga nær allt koldíoxíð og brennisteinsvetni frá Þeistareykjastöð og skila aftur í jörðu frá árinu 2025. Til stendur að Koldís verði komin í fullan rekstur árið 2025 og er stórt skref í átt að markmiði Landsvirkjunar um kolefnishlutleysi.



# Fyrsta hótelið sem hlýtur BREEAM In-Use vottun

Sand Hótel við Laugaveg 32-36 í Reykjavík hefur hlotið umhverfisvottun BREEAM In-Use. Sand Hótel er fyrsta hótelið á Íslandi sem hlýtur slíka vottun og var niðurstaða í formi einkunnarinnar „mjög góð“ (e. Very Good). Rekstraraðili hótelsins er Hótel KEA en Kaldalón fasteignafélag réð COWI á Íslandi til þess að framkvæma vottunina.

BREEAM In-use vistvottunarkerfið er notað fyrir byggingar í rekstri og byggir á alþjóðlegum staðli þar sem óháður vottunaraðili auk BRE Global Limited staðfesta ágæti fasteignar. Úttekt og vottun fasteignarinnar aðstoðar rekstraraðila og fasteignaeigendur við að ná yfirsýn yfir stöðu og umbætur á ýmsum þáttum sjálfbærni, má þar helst nefna heilsu og vellíðan starfsfólks og gesta, orkunotkun, mengun og umhverfisgæði.





SANDHÖLT  
REYKJAVÍK

36



SANDHÖLT  
REYKJAVÍK





## Stærsta Svansvottaða endurbótaverkefnið

Skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 27 hlaut Svansvottun samkvæmt endurbótaviðmiðum Svansins. Byggingin er átta hæðir en vottunin nær yfir skrifstofurými KPMG, matsal og mötuneyti og er stærsta endurbótaverkefni sem hlotið hefur Svansvottun hér á landi. Hönnunin tekur mið af vistvænum lausnum og var lögð áhersla á að fegra umhverfið með því að búa til rými fyrir um 200 plöntur á vinnuhæðunum sem bæta loftgæðin og auka vellíðan starfsfólks. COWI veitti ýmsa ráðgjöf við Svansvottunina auk þess að sinna úttektum og greiningum sem þörf var á til að uppfylla ákvæði Svansvottunarinnar.

Viðmið Svansins fyrir endurbætur hafa það að markmiði að lágmarka áhrif framkvæmda á umhverfi og heilsu. Svansvottunin tryggir gæði byggingarinnar meðal annars með betri innivist sem hægt er að ná með ströngum kröfum um efnainnihald byggingavara. Í Svansvottun er einnig lögð áhersla á endurnotkun byggingarefna og að úrgangur fari í endurvinnslufarveg.



COWI Ísland ehf  
Urðarhvarf 6  
203 Kópavogur  
Ísland

**Símanúmer**  
+354 422 3000

**Netfang**  
cowi\_is@cowi.com

[www.cowi.com/iceland-is](http://www.cowi.com/iceland-is)